

Slæmar heyskaparhorfur á Suðvesturlandi: „Horfir til al- gjörra vandræða“

— segir Bjarni Arason ráðunautur

„Á sunnanverðu Snæfellsnesi og Mýrum horfir til algjörra vandræða hvað heyskap varðar,“ sagði Bjarni Arason, ráðunautur Búnaðarsambands Borgarfjarðar, er DV ræddi við hann.

Sagði Bjarni að grasleysi og magn- aðir óþurrkar hefðu verið fram eftir öllu sumri. Sunnan Skarðsheiðar væru bændur búnir að heyja eitthvað og væri útlit því ekki mjög slæmt þar. Uppi í

Borgarfjarðardölum hefði náðst nokkur heyfengur í hlöðu, en margir bændur hefðu þó ekki náð inn tuggu enn sem komið væri.

Sýnu verst væri ástandið vestur á Mýrum. Tún þar væru orðin óhemju blaut og ill yfirferðar. Væru þess dæmi að þau héldu ekki vélum svo að ekki væri einu sinni hægt að heyja í vothey.

„Þegar túnin eru orðin svona blaut hefur ekkert að segja þótt þurkflæsa


komi einn og einn dag,“ sagði Bjarni. „Grasið liggur þá bara í bleytni og nær ekki að þorna.“

Bjarni sagði enn fremur að bændur hefðu heyjað allnokkuð í vothey, þeir sem hefðu aðstöðu til þess. „En það gáfu flestir upp allt sitt þurrhey í vor svo að fyrningar eru litlar sem engar. Ástandið er því verra en oft áður.“

-JSS.



Þurkur var á Suðvesturlandi um síðustu helgi. Þá unnu bændur í heyskap fram undir morgun. Myndin er tekin á Þórstöðum í Borgarfirði, en þar vann fólk við heyskap í glampandi sól sem er sjaldsæður gestur í Borgarfirðinum um þessar mundir.



Óli H. Þórðarsson og Tryggvi Jakobsson frá Umferðarráði fylgjast með er Hreinn Eggertsson dregur upp vinningsnúmerin. DV-mynd: Bjarnleifur.

Dregið í bíl- beltahappdrættinu

Dregið hefur verið í fyrsta skipti í bílbeltahappdrætti Umferðarráðs og lögreglunnar. Hreinn Eggertsson frá Bolungarvík, sem nú er í endurhæfingu á Grensásdeild, dró númerin. Hreinn lenti í umferðarslysi í febrúar sl. og kastadist út um framrúðu. Hann var ekki í bílbelti. Númerin sem upp komu hjá Hreini eru 39338, 14355, 28098, 17255, 28992, 29636, 34020, 26300, 37579,

45580, 40978, 10775.


Vinninga má vitja á skrifstofu Umferðarráðs í Reykjavík. Þó að verslunarmannahelgin sé liðin er bílbeltahappdrættið enn í fullum gangi og verður þennan mánuð og næsta. Dregið verður um vinninga á hverjum miðvikudegi meðan á happdrættinu stendur.

-ELA.

ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR FÆR STARFSLAUN FRÁ BORGinni ÞETTA ÁR

Ásgerður Búadóttir vefari var valin úr hópi 26 umsækjenda þegar starfs- laun Reykjavíkurborgar til listamanns voru veitt í fjórða sinn. Hún fær starfs- launin í eitt ár, frá 1. október næstkom- andi að telja.

Ásgerður er löngu orðin virtur lista- maður og fékk til dæmis menningar- verðlaun DV á sviði myndlistar fyrir árið 1981. Síðasta stóra verkið frá hennar hendi var nýlega hengt upp í útibúi Landsbankans í Breiðholti. Þessa dagana eru tíu af verkum hennar á sýningum erlendis, fimm á farandsýningunni Borealis, sem nú er á leið til Kaupmannahafnar, og fimm á farandsýningunni Scandinavia Today, sem nú er í Washington.



ihh Ásgerður Búadóttir.

Svo mælir Svarthöfði

Svo mælir Svarthöfði

Svo mælir Svarthöfði

Menn sem kunna prósentureikning

Í ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsen voru kommúnistar með neftunaryöld í öllum málum og var þar unnið eftir þeirri reglu að 20% þjóðarinnar ætti að stjórna hinum 80 prósentunum. Eftir kosningarnar hafa tveir stærstu lýðræðisflokkarnir tekið höndum saman að gera upp protabúð og er helsti sérfræðingur skiptaráðandans í Reykjavík um meðferð protabúða aðstöðarkona forsetisráðherrans við þessi störf hans. Eitt af því, sem nauðsynlegt var að gera, var að hækka þjónustugjöld hjá ýmsum opinberum fyrirtækjum eins og t.d. Hitaveitu Reykjavíkur, en fyrirskipaður halli á henni var að leiða til ófremdarástands í orkumál- um fólks á Innnesjunum. Í dag kostar innan við fjórðung hitakostnaðar á Egilsstöðum að hita upp hús í Reykjavík. Þetta lága verðlag var engum til góðs og gegn vilja Reykvíkinga enda töpuðu þeir mest á því sjálfir.

Sverrir Hermannsson lðnaðarráð- herra tók þess vegna rétta ákvörðun þegar hann beitti sér fyrir verulegri hækkun á gjaldskrár orkufyrir- tækja. Hins vegar hefði hann ekki átt að blinda þessar hækkanir í tíma. Nú hefur dr. Gunnar Thoroddsen byrjað

prósentuleik um að Hitaveitan í Reykjavík hafi fengið svo og svo mörg prósent í hækkun og elgi þess vegna að standa vel. Hinn reyndi stjórnmálamaður, sem hefur hætt þátttöku í stjórnmálum, ætti að vita það úr uppvexti sínum að til eru fleiri reikningsaðferðir en prósentu. Stað- reyndin var sú að Hitaveitan var far- in að ganga á orkuforðann vegna þess að fé skorti til frekari fram- kvæmda. Ástæða þessa var of lágt orkuverð. Svo getur dr. Gunnar setið og reiknað gömul dæmi úr reikningsbók Mortens Hansen og borð saman mismunandi prósentu- stig. Það kemur ei mál við þá sem stjórna landinu í dag.

Einn af helstu ábyrgðarmönnum protabúsins er Svavar Gestsson, for- maður Alþýðubandalagsins. Síðustu ummæll hans í útvarpi sýna að grunnt er á fyrirlitningu hans á þing- ræði. Í fréttatíma útvarpsins lýsti Svavar því yfir að alþingi götunnar ætti nú að taka völdin af ríkisstjórn- inni. Með þessu á Svavar við að belta elgi sömu vinnubrögðum og vorð 1978 þegar verkafýðssamtökin beltu sér fyrir ólöglegum aðgerðum til þess að ónýta löglegar aðgerðir Al- þingis.

Engan þarf að undra þótt Svavar haldi þessu fram. Hann er nýhættur í ríkisstjórn, þar sem reiknað var þannig að 20% væri meira en 80%. Hann á þess vegna erfitt með að sætta sig við að hafa áhrif í hlutfalli

við styrk á alþingi, styrk sem sóttur er í úrslit kosninga. Svavar telur sig náttúrulega vera verkafýðssinna og telur það reglu án undantekningar að verkafýðshreyfing sé sama og Al- þýðubandalagið. En Svavar mun

reka sig á það næstu mánuði að þeir, sem nú eru í forustu Alþýðusam- bandsins, eru ekki hlaupakettir fyrir Svavar Gestsson og Ólaf Ragnar Grímsson. Ekki þarf að efast um að verkafýðsforutan mun kappkosta að halda góðum samskiptum við ríkisstjórn. Til þess að slíkt geti gerst þarf svo ríkisstjórnin að ganga á móts við einhverjar kröfur verka- lýðshreyfingarinnar, þó ekki með sama hugarfari þegar allt var skilið eftir í reidleysi og svo hlauplú til allt of seint í febrúar 1978 að taka til hendi.

Ekki verður séð að þeir, sem nú sitja í ríkisstjórn, muni eiga í neinum samskiptaerfiðleikum við forustu verkafýðssamtakanna, þvert á móti. Má því búast við að herhvót Svavars Gestssonar um að alþingi götunnar elgi að koma saman reynist eins áhrifaríkt og útbúðarvæl á haust- dögum.

En til þess að öðlast fríð í sálu sinni getur Svavar auðvitað farið í heimsókn til gamla forsetisráðherrans síns og talað við hann um prósentureikning og reiknað nokkur dæmi.

Svarthöfði.

